

## RAFRÆN SKILRÍKI Á DEBETKORTUM

Á tæknisýningunni Tækni og vit 2007 sem var haldin í Fífunni 8. – 11. mars síðastliðinn voru rafræn skilríki valin sem athyglisverðasta varan. Á sýningunni voru Auðkenni og Landsbankinn með útgáfu á rafrænum skilríkjum á snjallkortum í samstarfi við ríkið. Útgáfan var liður í innleiðingu rafrænna skilríkja á debetkortum bankanna í haust.

Rafræn skilríki munu leika lykilhlutverk í því að auka öryggi þeirra sem notfæra sér Netið þar sem þau eru nokkurs konar vegabréf í netheiminum og leið til rafrænnar undirskriftar.

Rafræn skilríki gera auðvelt fyrir fólk, fyrirtæki og stofnanir að fá aðgang að upplýsingum og þjónustu. Þar sem skilríkin auðkenna handhafa þeirra þá þarf ekki að muna notendanafn og aðgangsorð á þeim vefsetrum sem styðja rafræn skilríki. Sem dæmi verður nú hægt að fá aðgang að ýmsum upplýsingum sem eru tengdar viðkomandi persónu eða lögaðila, skrá sig inn á aðgangsstýrða þjónustu eins og heimabanka og auðkenna sig allstaðar með sömu rafrænu skilríkjunum.

Rafrænu skilríkin má einnig nota til að undirrita rafræn skjöl. Ekki er lengur þörf á að mæta á staðinn til þess að skrifa undir. Handhafar rafrænna skilríkja skrifa undir þegar þeim hentar, heima eða hvar sem er. Það verður því hægt að efla þjónustu á Netinu til muna og auka möguleika til sjálfsafgreiðslu og afgreiðslu mála til enda. Þar með má spara fólk og fyrirtækjum ómældan kostnað og tíma.

Rafræn skilríki auka verulega öryggi í viðskiptum. Með þeim er hægt að tryggja að undirrituðum skjölum hafi ekki verið breytt og rekja skrefin í yfirfærslu á skuldbindingum og ábyrgð í viðskiptum.

Ráðgjafar Admon hafa unnið að uppbyggingu rafrænna skilríkja undanfarin ár. Snemma árs 2003 tók Admon að sér ráðgjöf fyrir fjármálaráðuneytið í skilgreiningu á kröfum til vottunarstöðva, sem eru grundvöllur fyrir trausti í vottun og útgáfu skilríkja. Þegar ríkið, bankar og sparisjóðir hófu samstarf um uppbyggingu á dreifilyklaskipulagi og innleiðingu rafrænna skilríkja á miðju ári 2005 tók Admon að sér verkefnisstjórn og ráðgjöf í því samstarfi og fer með ritstjórn á þeim skjölum sem skilgreina umhverfi rafrænna skilríkja á Íslandi.

Ráðgjafar Admon hafa einnig séð um verkefnisstjórn og ráðgjöf fyrir uppbyggingu á vottunarþjónustu banka og sparisjóða sem mun sjá um útgáfu rafrænna skilríkja á debetkortum bankanna. Fyrirhugað er að endurnýja öll debetkort á næstu tveimur árum og innleiða snjallkort með örgjörvum sem innihalda rafræn skilríki.

*Arnaldur F. Axfjörð*

*Höfundur er rafmagns- og tölvuverkfræðingur og starfar sem ráðgjafi í stjórnun upplýsinga- og fjarskiptatækni hjá ráðgjafarfyrirtækinu Admon ehf.*